

Lóðarleigusamningur

Lóðin Dynskálar 45 á Hellu er með samningi þessum leigð Olíudreifingu ehf. kt. 660695-2069 til heimilis að Kleppsmýrarvegi Gelgjutanga, 104 Reykjavík samkvæmt samþykkt hreppsnefndar Rangárvallahrepps þ. 21. júní 2001. Lóðin er leigð sem athafnasvæði og er gert ráð fyrir uppsetningu olíubirgðageyma og byggingu aðstöðuhúss á henni samkvæmt þessum samningi.

1. Lóðin er að flatarmáli **1365 fermetrar** og afmarkast eins og sýnt er á viðfestu lóðarblaði.
2. Leigutíminn er **25 ár** frá og með 1. janúar 1998.
3. Ársleiga er 150 kr. á hvern fermetra lóðar. Lóðarleigan breytist í samræmi við breytingar á Byggingavísitölu janúar 1998 - 225,9. Gjaldtagi leigunnar er 1. nóvember ár hvert. Verði vanskil á greiðslu leigunnar skal leigutaki greiða dráttarvexti frá gjalddaga.
4. Búnaði í geymslu á lóðinni skal ráðað snyrtilega upp. Ekki er heimilt að geyma hættuleg efni á lóðinni utan þeirra olíuvara sem eru hverju sinni í birgðageymum, leysiefni eða önnur spilliefni utan þess sem kann að þurfa vegna mengunarvarna.
5. Áður en búnaði verður komið fyrir á lóðinni skal leigutaki gera nauðsynlegar ráðstafanir til verndar náttúru og umhverfi skv. ákvæðum Mengunarvarnareglugerðar. Leigutaki skal gróðursetja trjágróður á mön umhverfis lóðina eins og sýnt er á viðfestu lóðarblaði.
6. Leigutaka er skylt að leyfa lagningu hverskonar lagna veitustofnana um lóðina enda verði yfirborði hennar skilað í jafngóðu ásigkomulagi og var við byrjun framkvæmda.
7. Leigutaki greiðir opinber gjöld sem kunna að verða lögð á lóðina á leigutíma hennar.
8. Leigutaki greiðir stimpil- og þinglýsingargjöld af samningi þessum.
9. Verði framangreindir skilmálar ekki haldnir að mati hreppsnefndarinnar, fer um aðgerðir vegna þess skv. ákvæðum Skipulags- og byggingalaga og ákv. Mengunarvarnareglugerðar.
10. Leigutaki skal hafa lokið við að fjarlægja eigur sínar af lóðinni áður en leigusamingurinn rennur út.
11. Leiga samkvæmt samningi þessum framlengist sjálfkrafa um 5 ár í senn verði honum ekki sagt upp skriflega sex mánuðum áður en hann rennur út, sbr. ákv. 2. töluliðar.
12. Samningur þessi er gerður í þremur eintökum, einu handa hvorum aðila og einu til þinglýsingar.

Hellu 21. júní 2001.

Leigutaki:

pr.pr.
Olíudreifing ehf

Lárus Guðmundsson

Leigusali:

SVEITARSTJÓP
HELLU
RANGÁRVALLAHREPPUR
Lárus Guðmundsson

Vottar:

Andri Thorvaldsson

kt. 041258-2419

Guðrún Guðmundsdóttir

kt. 040447-3399